

Fimmtudaginn 14. mars 1996.

Nr. 426/1995. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sigmundi Þorsteinssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kynferðisbrot. Skilorð. Aðfinnsla. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 21. desember 1995. Krefst ákærvaldið þyngingar refsingar og að miskabætur verði hækkaðar.

Ákærði krefst aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann þess að verða sýknaður af kröfum ákærvaldsins og miskabótakröfu verði vísað frá. Til þrautavara krefst hann þess, að refsing verði milduð og miskabótakrafa lækkuð.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um andlegt og líkamlegt atgervi ákærða, en gagna þessara var aflað að ósk verjanda hans, eftir að héraðsdómur var upp kveðinn. Gögn þessi þykja ekki til þess fallin að hafa áhrif á mat héraðsdóms um andlega burði ákærða yfir kæranda. Ómerkingarkröfu ákærða er því hafnað.

Með þessum athugasemdum og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sekt ákærða, heimfærslu til refsilagaákvæðis og sakarkostnað. Þá ber að staðfesta ákvæði hans um miskabætur til handa kæranda að öðru leyti en því, að þær skulu aðeins bera dráttarvexti, sem reiknast frá uppkvaðningu héraðsdóms.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki áður gerst sekur um brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en fresta skal fullnustu fimm mánaða af refsivistinni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Áfrýjunarkostnaður skal greiddur af ákærða, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Pétur Kr. Hafstein tekur fram, að hann telji ekki rétt með hliðsjón af eðli brotsins og aðstæðum kæranda að skilorðsbinda refsivist ákærða.

Það athugast, að mál þetta barst ríkissaksóknara frá rannsóknarlögreglu 21. janúar 1995. Það var þó ekki fyrr en 5. september 1995, sem ákæra var gefin út. Dráttur þessi hefur ekki verið réttlættur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigmundur Þorsteinsson, sæti fangelsi í 8 mánuði, en fresta skal fullnustu 5 mánaða af refsivistinni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu þessa dóms, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um miskabætur til kæranda að öðru leyti en því, að eingöngu dæmast dráttarvextir af bótunum, og skal upphafstími þeirra reiknaður frá uppkvaðningu héraðsdóms 1. desember 1995.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hestaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. desember 1995.

Ár 1995, föstudaginn 1. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara sem dómsformanni og héraðsdómurunum Arngrími Ísberg og Péttri Guðgeirssyni sem meðdómendum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 864/1995: Ákærvaldið gegn Sigmundi Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 15. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 5. september sl. gegn ákærða, Sigmundi Þorsteinssyni, kt. 120139-3399, Strandaseli 6, Reykjavík, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa fimmtudaginn 3. nóvember 1994 notfært sér andlega annmarka K, fæddrar 1953, til að hafa við hana samræði á heimili hennar að [...] Reykjavík.

Telst þetta varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Sif Konráðsdóttir héraðsdómslögmaður fyrir hönd K miskabóta úr hendi ákærða, 600.000 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. nóvember 1994 til 3. desember 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt sömu lögum frá þeim degi til greiðsludags auk kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar eftir mati dómsins“.

Að kvöldi 3. nóvember 1994 kom K í neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans í fylgd starfskonu Stígamóta. Kvað hún ákærða hafa haft við sig samfarir að sér nauðugri á heimili sínu þá fyrr um daginn. Er þar skráð eftir henni, að ákærði hafi beðið hana að koma með sér inn í herbergi, sem hún neitaði. En hún hafi verið hrædd og farið þangað að lokum. Hafi ákærði þar háttað sig og tekið af sér völdin og haft við sig samfarir. S, sambýlishmaður sinn, hafi komið heim óvænt, og hafi hún þá verið nakin, en ákærði klæddur. Í gögnum neyðarmóttökunnar, meðal annars skýrslu Heiðísar Sigurðardóttur sálfræðings, kemur fram, að K hafi verið mjög miður sín og hrædd um, að sambýlishmaður sinn myndi yfirgefa sig. Í framhaldi af þessu viðtali skoðaði Rannveig Pálsdóttir læknir K og skráði frásögn hennar. Í þeirri frásögn kemur fram, að ákærði hafi komið á heimili hennar og S um kl. 13.30 í því skyni að skrifa upp á víxil fyrir S. Á meðan S fór í bankann, hafi ákærði orðið eftir og drukkíð kaffi. Hann hafi beðið sig að koma inn í herbergi með sér, en hún neitað. Hann hafi hótad sér í orðum og hún orðið mjög hrædd og ekki þorað annað en láta að vilja hans. Hann hafi afklætt sig, snert á sér brjóstin og haft við sig samfarir í leggöng og orðið sáðlát. Um ástand hennar við komu segir í skýrslu læknisins, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að K hafi verið útgrátin og mjög óttaslegin, grátið mikið og greinilega í mikilli kreppu, en skoðun gengið vel, þótt hún ætti erfitt með að tjá sig í orðum vegna andlegrar fötlunar. Í niðurstöðu læknisins segir svo: „Öll framkoma K og skoðun styður frásögn hennar af því sem gerst hefur, þó að hún geti ekki tjáð sig í orðum, en auðvelt af látbragði hennar og örvilnun að skynja mikla sálarkreppu og hræðslu við það, sem gerðist.“ Í skýrslu neyðarmóttöku um endurkomu 15. nóvember 1994, sem skráð er af sama lækni, kemur fram, að K hafi átt erfitt með svefn og að vera ein fyrstu vikuna og henni hafi reynst erfitt að sofa í sama rúmi og atburðurinn gerðist. Þá kemur fram, að hún sé í góðu jafnvægi, sýni allt annað viðmót og geti tjáð sig um atburðinn án þess að gráta.

Í framhaldi af læknisskoðun á K hóf Rannsóknarlögregla ríkisins rannsókn málsins, og var hún þegar í stað færð til skýrslutöku, en Bjarni Boga-

son rannsóknarlögreglumaður hóf vettvangsrannsókn að sambýlismanni hennar viðstöddum. Í framhaldi af því var S yfirheyrður, svo sem fram kemur í frumskýrslu Sigurgeirs Sigmundssonar rannsóknarlögreglumanns. Þar er og skráð, að K sé haldin verulegum líkamlegum og andlegum annmörkum. Hún sé með verulega bæklaðan fót, smávaxin og veikluleg að sjá.

— — —

Niðurstaða.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði, að hann hefði haft samfarir við K, svo sem rakið er í ákæru. Hann neitaði hins vegar, að sér hefði verið kunnugt um, að hún væri þroskaheft, og kvað samfarirnar hafa verið að vilja hennar. K er verulega þroskaheft, svo sem fram kemur í skýrslu sálfræðings, sem rakin hefur verið hér að framan. Hún kom fyrir dóm og gaf skýrslu. Er það mat dómsins, að engum, sem sér hana augliti til auglits og ræðir við hana litla stund, geti dulist hinn mikli greindarskortur hennar, þótt hún eigi til-
tölulega auðvelt með að tjá sig.

Ákærði kynntist K, þegar hún var lítil stúlka, og endurnýjaði kynnin við hana um einu ári fyrir atburð þennan og var þá tíður gestur á heimili hennar og sambýlismanns hennar. Þrátt fyrir neitun ákærða um, að hann hafi ekki talið hana þroskahefta og sér hafi ekki fundist hún treggáfuð og „ekkert heimskari en annað fólk“, telur dómurinn sannað, að honum hafi hlotið að vera ljóst, að hún er verulega þroskaheft, sérstaklega þegar tekið er tillit til kynna hans af henni í heilt ár fyrir atburðinn.

Framburður K um það, að samfarir hennar við ákærða hafi verið gegn vilja hennar, er trúverðugur og í öllum meginatriðum staðfastur og studdur af vætti Rannveigar Pálsdóttur, læknis á neyðarmóttöku slysadeildar, sem skoðaði K og ræddi við hana síðar um kvöldið.

Framburður ákærða um það, að samræði þeirra K hafi verið beggja vilji og það verið hennar verk að loka öllum dyrum íbúðarinnar, er ótrúverðugur. Hann hafði bæði andlega og líkamlega yfirburði yfir K. Þegar allt framangreint er virt, þykir sannað, að hann hafi nýtt sér andlega annmarka hennar til þess að hafa við hana samræði. Varðar brot hans við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992 um breyting á þeim lögum.

Við mat á refsingu ákærða ber að líta til þess, að hann nýtti sér ástand konunnar í skjóli gestrisni hennar, svo og þess, að ákærði, sem er á sextugsaldri, hefur ekki áður sætt refsingu fyrir hegningarlagabrot. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin átta mánaða fangelsi.

Sif Konráðsdóttir héraðsdómslögmaður hefur lagt fram miskabótakröfu með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 fyrir hönd K, að fjárhæð

600.000 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. nóvember 1994 til 3. desember sama ár, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk kostnaðar vegna lögmannaðstoðar að mati dómsins. Ákærði hefur mótmælt kröfunni. Gögn málsins bera með sér, að K hefur orðið fyrir miska. Dómurinn telur, að henni beri miskabætur vegna þessa, sem þykja hæfilega ákveðnar 250.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá ber samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 að dæma ákærða til að greiða henni kostnað vegna lögmannaðstoðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 35.000 krónur.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigmundur Þorsteinsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði K 250.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. nóvember 1994 til 3. desember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og kostnað vegna lögmannaðstoðar, 35.000 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.
